

Nr. 21/1995. Miðvikudaginn 3. janúar 1996.
Vinnuveitendasamband Íslands

(Jón H. Magnússon hdl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands
f.h. Verkamannasambands Íslands
vegna Verkamannafélagsins Dagsbrúnar

(Atli Gíslason hrl.)

Uppsögn kjarasamnings. Launanevnd. Gagnkrafa. Dómsvald Félagsdóms.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediksdóttir, Valgeir Pálsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Málið, sem dómtekið var 21. desember sl., var þingfest 12. desember sl.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-0189, Grensásvegi 16, Reykjavík, f.h. Verkamannasambands Íslands, kt. 680269-5219, Skipholti 50c, Reykjavík, vegna Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, kt. 500169-4949, Lindargötu 9, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda:

Að staðfest verði með dómi Félagsdóms, að uppsögn Verkamannafélagsins Dagsbrúnar á kjarasamningum frá 21. febrúar 1995 við Vinnuveitendasamband Íslands sé ólögmat og gildislaus.

Varakröfu stefnda um sýknu að svo stöddu var sérstaklega mót-mælt sem of seint framkominni.

Að stefnandi verði sýknaður af gagnkröfum stefnda.

Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda:

Í aðalsök: Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Við flutning málsins í seinni ræðu var af hálfu stefnda gerð varakrafa í aðalsök um sýknu að svo stöddu.

Í gagnsök: Að niðurstaða launanevndar samkvæmt 15. gr. kjara-

samnings aðila dags. 30. nóvember 1995 verði dæmd ógild og óskuldbindandi fyrir stefnda.

Að viðurkennt verði með dómi, að launanefnd samkvæmt 15. gr. kjarasamnings aðila hafi, með því að leggja sjálfstætt mat á samningsforsendur, jafnframt að teknu tilliti til óumsaminnar desemberhækkunar og nýrra, óefndra loforða ríkisstjórnar, og með kjaraviðræðum við stefnanda og ríkisstjórn, farið út fyrir umboð sitt og ekki gætt réttra aðferða í störfum sínum.

Um málskostnað í aðalsök og gagnsök:

Gerð er krafa til þess, að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati Félagsdóms að teknu tilliti til virðisaukaskatts. Til vara að málskostnaður verði felldur niður.

Málavextir.

Hinn 21. febrúar 1995 gerði Verkamannafélagið Dagsbrún og Vinnuveitendasamband Íslands vegna aðildarfélaga sinna og einstakra meðlima og Vinnumálasambandið með sér kjarasamning. Með samningi þessum skyldu allir síðast gildandi kjarasamningar aðila framlengjast til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum sem fólust í samningnum.

Hinn 21. febrúar 1995 voru einnig undirritaðir kjarasamningar við 5 landssambönd Alþýðusambands Íslands og allir síðast gildandi kjarasamningar framlengdir til 31. desember 1996, með þeim breytingum og fyrirvörum sem fólust í samningunum.

Að sögn stefnanda voru samhljóða ákvæði í kjarasamningunum um forsendur samninga og endurskoðun þeirra. Þau eru svohljóðandi í kjarasamningi Verkamannafélagsins Dagsbrúnar:

„14. gr. – Forsenda samnings þessa er yfirlýsing ríkisstjórnarinnar sem fylgir samningi þessum. Þá er jafnframt á því byggt að verðlagsþróun á samningstímanum í heild verði áþekk því sem gerist í helstu samkeppnislöndum, þannig að stöðugleikinn í efnahagslífinu verði tryggður. Aðilar eru ennfremur sammála um mikilvægi þess að auka framleiðni og verðmætasköpun í atvinnulífinu til þess að standa undir raunverulegum og varanlegum kjarabótum. Þeir munu því beita áhrifum sínum til þess að efla rannsóknir, þróunar- og markaðsstarf, svo og samstarf hagsmunaaðila sem stuðli að þessu markmiði.

15. gr. – Á samningstímabilinu skal starfa sérstök launanefnd skipuð þremur fulltrúum frá landssamböndum ASÍ annars vegar og

vinnuveitendum hins vegar og skal hún á samningstímanum fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og gera tillögur um viðbrögð til samtakanna og stjórnvalda eftir því sem aðstæður krefjast á hverjum tíma. Nefndin og samtökin sem að henni standa munu beita sér fyrir umfjöllun og aðgerðum til þess að auka framleiðni í atvinnulífinu í samræmi við markmið samningsins. Hvorum aðila er heimilt að segja samningum lausum með minnst mánaðar fyrirvara ef marktæk frávik hafa orðið á samningsforsendum skv. 14. gr. Komi til uppsagnar samningsins skv. framanskráðu tekur hún gildi 31. desember 1995.“

16. gr. – „Forsenda samnings þessa er yfirlýsing ríkisstjórnarinnar sem fylgir samningi þessum. Þá er jafnframt á því byggt að launa- og verðlagsþróun á samningstímanum í heild verði áþekk því sem gerist í helstu samkeppnislöndum.“

Með bréfi dags. 23. nóvember 1995 sagði stefndi Verkamannafélagið Dagsbrún upp öllum kjarasamningum félagsins við vinnuveitendur. Í bréfinu kemur fram að samþykkt hafi verið samhljóða á fundi trúnaðarmannaráðs Dagsbrúnar sama dag að segja öllum gildandi kjarasamningum lausum og taki uppsögnin gildi 31. desember 1995. Þá er tekið fram að samþykktin sé gerð í framhaldi af samþykkt félagsfundar sem haldinn hafi verið 19. október 1995 þar sem einróma hafi verið samþykkt uppsögn kjarasamninga þannig að þeir renni út um áramót. Með bréfi sama dag mótmælti stefnandi uppsögninni og taldi hana vera í andstöðu við ákvæði kjarasamningsins og því ólögmeta. Þá skoraði stefnandi á stefnda að draga uppsögnina til baka, en ekki var orðið við þeirri áskorun.

Pann 30. nóvember 1995 komst launanefnd ASÍ og vinnuveitenda að þeirri niðurstöðu „að ekki séu marktæk frávik frá forsendum kjarasamninganna og því ekki grundvöllur fyrir uppsögn þeirra.“ Í framhaldi af niðurstöðu launanefndar sendi stefnandi bréf til stjórnar og trúnaðarmannaráðs stefnda þar sem farið var fram á það að stefndi endurmeti afstöðu sína í ljósi breyttra aðstæðna. Við þessum tilmælum var ekki orðið.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Í máli þessu, sem stefnandi tjáir höfðað á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, byggir hann kröfugerð sína á því, að uppsögn stefnda, Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, á kjarasamningum við Vinnuveitendasamband Íslands sé ekki í samræmi við ákvæði 14. og 15. gr. samningsins og því ólögmet.

Kjarasamningi Verkamannafélagsins Dagsbrúnar frá 21. febrúar 1995, sem hafi framlengt alla síðast gildandi kjarasamninga aðila, hafi eins og kjarasamningi Verkamannasambandsins verið ætlað að gilda til 31. desember 1996 og falla þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Settur hafi verið öryggisventill í samninginn ef marktæk frávik yrðu á forsendum hans. Venja sé fyrir því að tekið sé fram með skýrum hætti í kjarasamningum hvaða aðstæður gætu leitt til uppsagna eða breytinga á samningum, enda sé það nauðsynlegt, sbr. og ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1938. Gildistími kjarasamninga þurfi að vera ljós og hvort og þá með hvaða skilyrðum þeim verði sagt upp.

Sérstakri nefnd, launanevnd ASÍ og vinnuveitenda, hafi með kjarasamningi Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Verkamannasambandsins, verið falið að fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og skera úr um hvort ástæða væri til uppsagnar samninga. Launanevndin skyldi gera tillögur til samtaka launþega og vinnuveitenda og stjórnvalda með það að markmiði að samningsforsendur héldu svo ekki þyrfti að koma til uppsagnar samninga. Fyrst eftir að launanevnd hafi komist að niðurstöðu væri tilefni til ákvörðunar um uppsagnir kjarasamninga, sem einungis yrði tekin á vettvangi launanevndar, ef samningsforsendur væru taldar brostnar.

Í bréfi stefnda frá 23. nóvember 1995 hafi engar ástæður verið tilgreindar fyrir uppsögn aðrar en þær að uppsögn hafi verið samþykkt á félagsfundi og á fundi trúnaðarmannaráðs félagsins. Í 15. grein kjarasamnings stefnda frá 21. febrúar séu forsendur samninga tæmandi taldar. Annars vegar sé vísað til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í 17 liðum og hins vegar á því byggt að verðlagsþróun á samningstímanum í heild yrði áþekk því sem gerist í helstu samkeppnislöndum, þannig að stöðugleikinn í efnahagslífinu yrði tryggður.

Með kjarasamningnum frá 21. febrúar hafi stefndi Verkamannafélagið Dagsbrún veitt launanevnd landssambanda ASÍ og vinnuveitenda umboð til að fylgjast með framvindu mála og meta það hvort frávik hafi orðið frá samningsforsendum skv. 14. gr. og hvort segja eigi upp samningum, en skv. niðurlagi 15. gr. sé ekki heimilt að segja kjarasamningum lausum nema marktæk frávik hafi orðið á samningsforsendum skv. 14. gr. Launanevndin, sem hafi starfað í samræmi við 15. gr. kjarasamnings stefnda, hafi þann 30. nóvember 1995 komist að þeirri niðurstöðu að ekki væru marktæk frávik frá

forsendum kjarasamninganna og því ekki grundvöllur fyrir uppsögn þeirra.

Ótvírætt sé því að forsendur kjarasamninga hafi staðist, réttur aðili, launanevnd, hafi lagt mat á samningsforsendur, uppsagnarheimildin sé aðeins hjá hvorum hluta launanevndar og sé því uppsögn stefnda á kjarasamningum frá 21. febrúar 1995 ólögmat og kjarasamningar stefnanda og stefnda gildi til 31. desember 1996.

Gagnkröfu stefnanda var sérstaklega mótmælt með vísan til 18. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður stefnda, önnur atvik og lagarök.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að meginforsendum kjarasamnings Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og stefnanda frá 21. febrúar 1995 sé lýst á dskj. nr. 5 og nr. 18, sbr. einnig 14. gr. kjarasamningsins á dskj. nr. 4. Kjarasamningurinn hafi byggt á sonefndri krónutöluleið og á því að þeir herra launuðu sættu sig við að laun þeirra fyrir dagvinnu hækkuðu ekki meira en um 2.700 kr. á mánuði á árinu 1995. Það hafi verið skilyrði aðila fyrir að samningsmarkmiðum yrði náð, að víðtæk samstaða skapaðist um það meðal allra tekjuhópa að bati í þjóðarbúskapnum gengi ríkar fram til þeirra sem lægri hefðu launin. Þessum forsendum hafi Davíð Oddsson, forsætisráðherra, lýst þannig í viðtali við Morgunblaðið 22. febrúar 1995:

„Það er ekki vafi í mínum huga að þessir samningar, sem ná til langstærsta hluta vinnumarkaðarinnar, þess hluta sem lýtur lögmálum þjóðartekna meira en aðrir, verða algerlega fordæmisskapandi fyrir aðra samninga.“

Hvorum aðila kjarasamningsins hafi verið veitt heimild til að segja samningum lausum með minnst eins mánaðar fyrirvara ef marktæk frávik yrðu á samningsforsendum. Aðilar samningsins voru aðilar þessa máls og Vinnuálagssambandið. Sérstök launanevnd skyldi á samningstímanum fylgjast með framvindu efnahagsatvinnu- og verðlagsmála og gera tillögur um viðbrögð eftir því sem aðstæður krefðust. Launanevndin hafi ekki verið aðili að samningnum. Launanevndinni hafi ekki verið veitt umboð til að meta samningsforsendur, ganga til kjaraviðræðna, segja upp kjarasamningum eða framlengja þá, sbr. einnig orðalag 15. gr. kjarasamningsins.

Frá því er kjarasamningurinn var undirritaður hafi mál þróast þannig, að fjölmargir hópar í þjóðfélaginu hafi fengið launahækkun-

ir, bæði í prósentum en þó einkum í krónum talið, langt umfram samningsforsendur aðila þessa máls. Þá hafi ríkisstjórnin ekki staðið við yfirlýsingu sína á dskj. nr. 5. Allir fulltrúar launamanna í launaneftndinni séu sammála um að þróun launamála á árinu hafi gengið þvert á markmið febrúarsamninganna og þá hugmyndafræði sem byggt var á. Við meðferð málsins hafi launaneftnd gengið til samninga um breytingu á kjarasamningi og gert kröfu um nýja yfirlýsingu ríkisstjórnar. Eftir að samkomulag náðist innan meirihluta launaneftndar um kauphækkun og ný yfirlýsing ríkisstjórnar barst taldi meirihlutinn loks, og þá fyrst, að ekki væru fyrir hendi marktæk frávik frá forsendum kjarasamninganna. Fulltrúi Verkamannasambands Íslands hafi ekki staðið að þessari niðurstöðu, hvorki fyrir hönd sambandsins né einstakra aðildarféлага. Verkamannafélagið Dagsbrún hafi ekki getað fallist á að þessar leiðréttingar á samningaforsendum nægðu til að leiðrétta það launamisrétti sem orðið hefði eftir gerð febrúarsamninganna og til að rétta af samningsforsendur aðila.

Stefndi byggir kröfur sínar aðallega á þeim meginreglum vinnuréttar, að stéttarfélög ráði málefnum sínum sjálf og séu lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, sbr. einnig 3. og 5. gr. laga nr. 80/1938 og sambærileg ákvæði alþjóðlegra mannréttinda-sáttmála. Hafi stefndi haft ótvíræða heimild til að segja kjarasamningum sínum við stefnanda upp, enda grundvallarforsendur kjarasamnings aðila brostnar. Ekki sé ágreiningur um að stefndi hafi staðið rétt að uppsögn kjarasamninga að öðru leyti. Stefndi hafi ekki afsalað mannréttindum sínum og félagsmanna sinna, samningsréttinum og sjálfstæði, til launaneftndarinnar. Hennar hlutverk sé einvörðungu að vera aðilum til leiðbeiningar og ráðgjafar með óbindandi tillögugerð. Launaneftndin hafi með tillögum sínum og með því að kalla eftir nýrri yfirlýsingu ríkisstjórnar í raun komist að þeirri niðurstöðu að forsendur kjarasamninga hafi brostið. Forsendur niðurstöðu launaneftndar séu að tillögur hennar um úrbætur gangi eftir um hækkun desemberuppbótar og að ríkisstjórn gæfi og efndi ný og gömul loforð. Launaneftndin geti ekki bundið stefnda við þær úrbætur sem hún geri tillögur um. Í þeim efnum fari stefndi sjálfstætt með samningsgerð og hafi fullan rétt til að knýja á um þær úrbætur sem hann telji fullnægjandi. Jafnframt er á því byggt, að launaneftndin hafi ekki haft umboð Verkamannafélagsins Dags-

brúnar til að meta hvort forsendur samninganna stæðust. Slíkt umboð hafi ekki verið veitt. Loks liggi fyrir, að launanefndin hafi ekki náð samkomulagi um niðurstöðu sem hljóti að vera forsenda þess að niðurstaðan sé marktæk. Í reynd hafi allir fulltrúar launamanna í launanefndinni komist að þeirri niðurstöðu, að forsendur kjarasamninga aðila í febrúar hafi brostið. Er vísað til yfirlýsinga þar að lútandi á dskj. nr. 24 og 25. Þá er jafnframt á því byggt, að stefnda hafi verið rétt og skylt að meta forsendur kjarasamningsins sjálfstætt að fengnum tillögum launanefndarinnar til félagsins um viðbrögð, eins og það er orðað í 15. gr. kjarasamningsins. Þá hafi uppsögn kjarasamningsins verið óhjákvæmileg bæði þar sem forsendur kjarasamninganna voru brostnar og þar sem launanefndin hafi ekki lokið störfum innan tilskilins tíma þannig að unnt væri að segja samningum upp með lögfullum fyrirvara. Sérstaklega er á því byggt, að launanefndinni hafi borið að gera tillögur um viðbrögð fyrir hvern kjarasamning um sig en ekki alla í einu. Almenn viðbrögð launanefndar verði ekki heimfærð óbreytt uppá kjarasamning aðila þessa máls.

Því er eindregið mótmælt, að launanefndin hafi vald til að að segja upp samningum. Það gangi þvert á nefndar grundvallarreglur og jafnframt sé ljóst af verksviði launanefndar samkvæmt núgildandi kjarasamningum og eldri kjarasamningum að nefndin hafi ekki þau völd sem hún hafi nú tekið sér. Umboð launanefndar að núgildandi kjarasamningum sé mun takmarkaðra en samkvæmt eldri kjarasamningum. Túlka verði heimildir launanefndar þröngt og allan vafa stefnda í hag. Launanefndin hafi bæði farið út fyrir umboð sitt og jafnframt ekki gætt réttra aðferða við störf sín. Þar með verði ekki byggt á niðurstöðum hennar. Það sé af og frá að launanefndinni hafi verið heimilt að ganga til þess verks að fá fram leiðréttingar á gildandi kjarasamningi til þess eins að geta síðan fullyrt eftir á að forsendur stæðust. Launanefndinni hafi borið að meta stöðu mála út frá launaþróun og fleiru fram til nóvemberloka 1995 og gera tillögur um viðbrögð. Nefndinni hafi með öllu verið óheimilt taka inn í mat forsendna tillögur sínar um viðbrögð, tillögur sem ekki voru skuldbindandi fyrir aðila. Forsendur kjarasamninganna standist ekki nema stefndi fallist á og semji sérstaklega um hækkun desemberuppbótar eða aðrar breytingar á kjarasamningi. Þá hafi það ekki verið í verkahring launanefndar að knýja á um nýja

yfirlýsingu ríkisstjórnar heldur aðeins að meta hvort yfirlýsing hennar frá 20. febrúar 1995 hafi verið efnð. Fyrir liggir að ríkisstjórnin hafi vanefnt yfirlýsingu sína frá 20. febrúar 1995 í að minnsta kosti níu atriðum. Stefndi mótmælir því að launanefndin hafi verið bær til að leggja endanlegt mat á hvort forsendur samkvæmt 14. gr. kjarasamnings aðila hafi staðist, hvað þá með þeim hætti sem raun ber vitni. Að mati stefnda hafi launanefndin gert nýjan kjarasamning í stað þess að vinna samkvæmt 15. gr. kjarasamnings aðila. Til marks um þetta sé sú staðreynd, að undir svonefnda niðurstöðu launanefndar riti aðilar sem ekki áttu sæti í launanefndinni, heldur hafi farið með samningsumboð samtaka atvinnurekenda. Undir niðurstöðuna riti þannig fimm fulltrúar atvinnurekenda, en aðeins tveir fulltrúar launamanna. Hér sé því ekki um niðurstöðu launanefndar að ræða, heldur niðurstöðu hluta launanefndar og óviðkomandi aðila. Megi einnig ljóst vera, að ekki hafi verið gætt jafnræðis í störfum nefndarinnar meðal annars um hagsmunagæslu aðila. Fulltrúa frá Verkamannafélaginu Dagsbrún hafi ekki gefist kostur á að gæta hagsmuna félagsins við ákvarðanatöku og tjá sig með sama hætti og stefnandi. Sé niðurstaða nefndarinnar einnig marklaus að þessu leyti. Í reynd hafi þessir aðilar í heimildarleysi gert nýjan kjarasamning. Það staðfesti einnig ummæli forseta og varaforseta ASÍ á dskj. nr. 24 þar sem þau tala um samkomulag aðila og úrskurð.

Stefndi byggir einnig á því, að stefnandi hafi með þessu samkomulagi, svonefndum tillögum sínum um breytingu á gildandi kjarasamningi, viðurkennt að þeir væru lausir og kjaraviðræður heimilar. Hafi stefndi óskað eftir viðræðum um aðrar úrbætur á gildandi kjarasamningi en tillögur stefnanda fela í sér. Stefndi hljóti að hafa gagnkvæman rétt til jafns við stefnanda til að gera aðrar og raunbetri tillögur til leiðréttingar á brostnum forsendum kjarasamningsins. Með því að hafna tilboði stefnanda hafi verið opnað fyrir samningsgerð. Eins og staða málsins sé nú eftir uppsögn stefnda og synjun á tillögum launanefndarinnar um viðbrögð hafi launanefndin í besta falli þá skyldu einbera að fylgjast með framvindu málsins og hugsanlega að gera nýjar tillögur til aðila málsins um viðbrögð. Hafi launanefndin vanrækt hlutverk sitt að þessu leyti. Uppsögn stefnda verði ekki dæmd ógild að svo stöddu.

Félagsdómur hafi vald til þess að leggja mat á störf launanefndar

og hnekkja niðurstöðum hennar vegna formlegra og eða efnislegra þátta málsins. Þannig er gerð krafa til þess að Félagsdómur leggi sjálfstætt mat á það hvort launanefndin hafi gætt rétttra aðferða í störfum sínum og jafnframt hvort mat launanefndarinnar á forsendum standist. Á því er jafnframt byggt, að stefndi hafi sjálfstætt ákvörðunarvald um forsendur kjarasamninga og uppsögn hver sem niðurstaða launanefndar er. Samkvæmt skýru orðalagi 15. gr. kjarasamnings aðila frá 21. febrúar 1995 hafi launanefndin ekki uppsagnarrétt. Þar með geti mat launanefndar á forsendum aðeins verið til leiðbeiningar en ekki bindandi niðurstaða. Að öðru leyti er vísað til fyrri röksemda um umboðsskort launanefndar.

Skorað er á stefnanda að upplýsa fyrir dómi hvort hann telji niðurstöðu launanefndar um hækkun desemberuppbótar skuldbindingu fyrir hann gagnvart stefnda. Er með hliðsjón af væntanlegu svari áskilinn réttur til að setja fram nýjar kröfur um skuldbindingargildi niðurstöðu launanefndar um hækkun desemberuppbótarinnar þannig að stefnanda verði gert skylt með dómi að þola súrt með sætu.

Gagnkröfur stefnda séu settar fram til að tryggt verði að með dómi verði lagt mat á vinnubrögð nefndarinnar og umboð. Sé stefnda brýn nauðsyn á úrlausn með hliðsjón af framkvæmd kjarasamnings aðila, nýjum kjaraviðræðum og öllum samskiptum aðila í framtíðinni. Málsmeðferð launanefndar sé meingölluð svo til ómerkingar eigi að leiða að mati stefnda. Þá staðfesti öll gögn málsins, meðal annars sú staðreynd að atvinnurekendur séu tilbúnir að hækka launagreiðslur að eigin sögn um 800.000.000 kr. og ríkisstjórnin að leggja fram 1000.000.000 kr. með nýju loforði, að forsendur kjarasamninga frá 21. febrúar 1995 séu brostnar. Niðurstaða kjaradóms um kauphækkanir embættismanna og sjálfðæmi Alþingis um hækkun á kjörum alþingismanna, sem nemi í krónum talið allt að mánaðarlaunum samkvæmt kauptöxtum stefnda eða hærri fjárhæðum, leiði til sömu niðurstöðu. Forsendur samninga stefnanda og stefnda standist ekki. Einnig er vakin athygli á því að launanefndin hafi ekki sinnt þeirri skyldu sinni að beita sér fyrir aðgerðum til að auka framleiðni í atvinnulífinu launamönnum til hagsbóta.

Um viðbótarlagarök fyrir óskoruðum og sjálfstæðum samningsrétti stefnda er einnig vísað til 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 11. gr. laga nr. 62/1994, til I. og II. kafla Félagsmálasáttmála Evr-

ópu, einkum 5. og 6. tl. I. kafla og 5. og 6. gr. II. kafla, og til 2. gr. til 6. gr. samþykktar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar nr. 87 frá 9. júlí 1948. Af þessum réttarheimildum leiði að Félagsdómi sé skylt að túlka heimildir launaneftdar samkvæmt 15. gr. kjarasamnings aðila þröngri lögskýringu. Ennfremur er vísað til meginreglna samninga- og vinnuréttar um umboð, samningsrétt, brostnar forsendur og skuldbindingargildi samninga. Loks gerir stefndi rökstuðning stefndu í sambærilegum málum, sem nú eru rekin fyrir Félagsdómi, að sínum eftir því sem við á.

Kröfur stefnda um málskostnað byggja á XXI. kafla laga nr. 91/1991, einkum 129. gr. og 130. gr. Krafa um virðisaukaskatt byggir á lögum nr. 50/1988, en stefndi stundar ekki virðisaukaskattsskylda þjónustu.

Niðurstaða.

Með 1. gr. kjarasamnings aðila frá 21. febrúar sl. voru allir síðast gildandi kjarasamningar aðila framlengdir til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningnum felast og falla þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Í samningnum er engin tilvísun til samnings Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnu- málambandsins við Verkamannasamband Íslands frá 21. febrúar 1995.

Samkvæmt 15. gr. samnings aðila skal sérstök launaneftnd starfa á samningstímanum, skipuð þremur fulltrúum frá landssamböndum ASÍ annars vegar og vinnuveitendum hins vegar. Á samningstímanum skal hún fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verð- lagsmála og gera tillögur um viðbrögð til samtakanna og stjórnvalda eftir því sem aðstæður krefjast á hverjum tíma. Þá segir í ákvæðinu að nefndin og samtökin sem að henni standa muni á samnings- tímanum beita sér fyrir umfjöllun og aðgerðum til þess að auka framleiðni í atvinnulífínu í samræmi við markmið samningsins. Um uppsögn segir svo í grein þessari: „Hvorum aðila er heimilt að segja samningnum lausum með minnst mánaðar fyrirvara ef marktæk frávik hafa orðið á samningsforsendum skv. 14. gr. Komi til upp- sagnar samningsins skv. framanskráðu tekur hún gildi 31. desember 1995.“

Hinn 30. nóvember 1995 komst launaneftnd að þeirri niðurstöðu „að ekki séu marktæk frávik frá forsendum kjarasamninganna og því ekki grundvöllur fyrir uppsögn þeirra“.

Stefndi byggir m.a. á því að launanevnd hafi ekki haft umboð til að segja upp samningnum fyrir hans hönd, uppsagnarheimildin sé í höndum samningsaðila, svo sem orðalag ákvæðisins beri með sér. Launanevnd hafi því engan rétt haft til að meta sjálfstætt hvort forsendur samningsins hafi staðist, það hafi verið í höndum stefnda að meta hvort svo hafi verið.

Pegar litið er til orðalags 15. gr. samningsins þykir stefnandi, gegn mótmælum stefnda, ekki hafa sýnt fram á að launanevnd hafi haft heimild til að meta hvort forsendur samningsins væru brostnar þannig að bindandi væri fyrir stefnda.

Í 14. gr. kjarasamnings aðila segir að forsenda samningsins sé yfirlýsing ríkisstjórnarinnar, sem fylgi samningnum. Þá segir í greininni: „Þá er jafnframt á því byggt að verðlagsþróun á samningstím- anum í heild verði áþekkt því sem gerist í helstu samkeppnislöndum, þannig að stöðugleikinn í efnahagslífinu verði tryggður.“ Jafnframt segir um forsendur samningsins í 16. gr. hans: „Forsenda samnings þessa er yfirlýsing ríkisstjórnarinnar sem fylgir samningi þessum. Þá er jafnframt á því byggt að launa- og verðlagsþróun á samningstím- anum í heild verði áþekkt því sem gerist í samkeppnislöndum.“

Stefndi hefur ekki sýnt fram á að þau frávik hafi orðið á samningsforsendum samkvæmt 14. og 16. gr. kjarasamnings aðila frá 21. febrúar sl. að hann geti gripið til uppsagnar hans.

Með vísan til þessa er krafa stefnanda tekin til greina.

Samkvæmt 15. gr. kjarasamnings aðilanna frá 21. febrúar 1995 er launanevnd skipuð þremur fulltrúum frá landssamböndum ASÍ annars vegar og vinnuveitendum hins vegar. Gagnkröfu stefnda er einungis beint að Vinnuveitendasambandi Íslands. Telja verður að sakarefni það, sem gagnkrafan tekur til, falli ekki undir verksvið Félagsdóms sbr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Þá er gagnkröfunni einungis beint að stefnanda í máli þessu og ber því jafnframt með vísan til 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 að vísa gagnkröfunni frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Uppsögn Verkamannafélagsins Dagsbrúnar á kjarasamningi félagsins og Vinnuveitendasambands Íslands frá 21. febrúar 1995 er ógild.

Gagnkröfu stefnda, Alþýðusambands Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, er vísað frá Félagsdómi.

Málskostnaður fellur niður.
